

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/708**  
**komudagur 17.12.2013**

Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. desember 2013

**Efni: Umsögn laganefndar LMFÍ vegna frumvarps til laga um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, 233. mál, lagt fyrir 143. löggjafarþing 2013-2014.**

Vísað er til tölvuskeytis frá nefndasviði Alþingis hinn 12. desember sl., þar sem að laganefnd Lögmannafélags Íslands var boðið að skila umsögn um ofangreint frumvarp (hér eftir vísað til sem „**frumvarpsins**“). Í tilefni af bréfinu beinir laganefnd Lögmannafélags Íslands eftirfarandi erindi til nefndarinnar.

Í 4. ml. 3. gr. frumvarpsins segir:

Fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum þessum verður ekki veitt hafi greiðsluaðlögunarumleitanir verið felldar niður skv. 15. gr., sbr. 12. gr., laga um greiðsluaðlögun einstaklinga

Laganefnd bendir á að mörgum umsækjendum um greiðsluaðlögun hefur verið hafnað á þessum grundvelli, t.d. ef viðkomandi hefur ekki lagt nógu mikið fyrir eða hagað sér með einhverjum hætti óeðlilega á svokölluðu greiðsluaðlögunartímabili. Ef frumvarpið verður að lögum mun þessi hópur ekki njóta góðs af úrræði frumvarpsins. Þá háttar svo til að þeir, sem ekki hafa sótt um greiðsluaðlögun, en myndu ef á reyndi falla undir 15. gr., sbr. 12. gr., laga um greiðsluaðlögun, eiga samkvæmt frumvarpinu möguleika á að nýta sér úrræðið. Laganefnd bendir því á að frumvarpið meðhöndlar þessi sambærilegu tilvik því með mismunandi hætti. Eðlilegt er að löggjafinn taki afstöðu til þess hvort efnisleg rök séu fyrir þessum mun.

Þá bendir nefndin á að einstaklingar sem ekki eiga rétt á greiðsluaðlögun vegna 15. gr., sbr. 12. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, hafa mis miklar tekjur og/eða möguleika til að afla sér tekna. Þeim tekjulægri getur reynst þungbærara en þeim tekjuhærri að safna af aflafé fyrir skiptatryggingu ef umboðsmaður skuldara hafnar umsókn um fjárhagsaðstoð.

Í 4. og 5. gr. frumvarpsins kemur fram að umsækjandi um fjárhagsaðstoð skuli beina umsókn sinni til umboðsmanns skuldara sem skuli gefa út yfirlýsingu sem skuldari lætur svo fylgja með kröfu sinni um gjaldþrot skv. ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Að mati laganefndar er ekki nægilega skýrt skv. frumvarpinu hver ber kostnað við þingfestingu kröfu um gjaldþrotaskipti, sem er kr. 15.000.- skv. gjaldskrá dómstólaráðs, eða annan kostnað.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins skal fjárhagsaðstoð aldrei vera hærri en sem nemur fjárhæð þeirrar lágmarkstryggingar vegna skiptakostnaðar á búi einstaklings sem dómari ákveður hverju sinni. Laganefnd bendir á að skv. 1. ml. 2. mgr. 66. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. ber skiptabeiðandi

ábyrgð á greiðslu kostnaðar af meðferð kröfu sinnar og af gjaldþrotaskiptunum ef krafa hans er tekin til greina og kostnaðurinn greiðist ekki af þrotabúsins. Þessi skilningur var staðfestur af Hæstarétti í máli nr. 577/2010. Ljóst er að ef frumvarpið verður að lögum þá getur umsækjandi um fjárhagsaðstoð ekki staðið straum af greiðslu kostnaðar sem er umfram lágmarkstryggingarinnar. Það kemur hinsvegar oft fyrir að skiptakostnaður sé umfram lágmarkstryggingu. Laganefnd telur þess vegna að það þurfi að bæta við ákvæði í frumvarpið sem kveður á um hver ber ábyrgð á slíkum viðbótarkostnaði.

Laganefnd óskar eftir að fulltrúar hennar fái að koma á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í því skyni að gera nánari grein fyrir athugasemdum sínum og svara eftir atvikum spurningum nefndarmanna.

Virðingarfyllt,  
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,

Reimar Pétursson hrl., formaður